

Sjálfbærniupplýsingsskil fyrirtækja og áhrif á störf stjórnna

Heiða Óskarsdóttir¹, Þröstur Olaf Sigurjónsson², Runólfur Smári Steinþórsson².

Ágrip

Stöðluð og samræmd sjálfbærniupplýsingagjöf fyrirtækja gegnir lykilhlutverki í stefnumörkun Evrópusambandsins í málefnum sjálfbærni. Stefna Evrópusambandsins er skýr. Af því leiðir að mikill áhugi er til staðar á því að vita hvort og þá hvaða skyldur verða lagðar á herðar fyrirtækjum og stjórnnum þeirra. Hér fer rannsókn um það hvaða áhrif tilskipun um sjálfbærniupplýsingagjöf fyrirtækja (CSRD) muni hafa á störf stjórnna þeirra íslensku fyrirtækja sem falla undir gildissvið hennar. Jafnframt er skoðað hvort áhrifa tilskipunarinnar sé farið að gæta í leiðbeiningum Norðurlandanna um stjórnarhætti. Niðurstöður sýna að CSRD-tilskipunin hefur ekki að geyma bein fyrirmæli um störf stjórnna, önnur en þau að stjórn ber ábyrgð á gerð, skilum og birtingu ársreiknings sem hefur að geyma sjálfbærniupplýsingar í skýrslu stjórnar. Tilskipunin skyldar hvorki fyrirtæki né stjórnir þeirra til athafna í málefnum sjálfbærni. Eingöngu þarf að greina frá því sem gert er. Aukin upplýsingagjöf um málefni sjálfbærni hefur þrátt fyrir það þau óbeinu áhrif að meiri þungi leggst á stefnumótunar- og eftirlitshlutverk stjórnna og þar af leiðandi ábyrgð þeirra. Tryggja þarf heilindi sjálfbærniupplýsinga og taka upplýsta ákvörðun um það hvort og þá með hvaða hætti samþætta á sjálfbærni við stefnu og viðskiptalíkan fyrirtækis. Áhrifa tilskipunarinnar og sjálfbærnilögjafar Evrópusambandsins í heild er farið að gæta í leiðbeiningum um stjórnarhætti á Norðurlöndunum. Í sænsku og dönsku leiðbeiningunum eru lagðar beinar skyldur á stjórnir í málefnum sjálfbærni, ekki einungis hvað varðar upplýsingagjöf, heldur einnig greiningu áhættu og tækifæra, stefnumótun og að tryggja skilvirka áhættustýringu og innra eftirlit. Í norsku leiðbeiningunum gætir að hluta til aukinnar áherslu á sjálfbærni. Íslensku og finnsku leiðbeiningarnar standa hinum langt að baki þegar kemur að því að veita stjórnnum fyrirtækja leiðbeiningar hvernig þær eigi að rækja hlutverk sitt í málefnum sjálfbærni.

Abstract

Standardized and harmonized sustainability reporting by companies plays a crucial role in the European Union's sustainability strategy. The EU's policy is clear, which has led to significant interest in knowing whether, and if so, what obligations will be placed on companies and their boards. This study examines the impact that the Corporate Sustainability Reporting Directive (CSRD) will have on the work of the boards of Icelandic

1 Heiða Óskarsdóttir er lögmaður. Netfang: heidaoskars@gmail.com.

2 Þröstur Olaf Sigurjónsson og Runólfur Smári Steinþórsson eru prófessorar við Háskóla Íslands: olaf@hi.is og rsmari@hi.is.

companies that fall within its scope. Additionally, it explores whether the directive's effects are already visible in the corporate governance guidelines of the Nordic countries. The findings show that the CSRD only contains direct instructions for boards' work, except that the board is responsible for preparing, submitting, and publishing the annual report, which includes sustainability information in the board's report. The directive does not mandate companies or their boards to take actions regarding sustainability; they are only required to disclose what has been done. Despite this, increased sustainability reporting has the indirect effect of placing greater emphasis on the strategic and oversight roles of boards and, consequently, their responsibility. Ensuring the integrity of sustainability information and making informed decisions on whether and how to integrate sustainability into a company's strategy and business model is essential. The directive's influence and the broader EU sustainability legislation are beginning to be reflected in Nordic corporate governance guidelines. In Swedish and Danish guidelines, direct responsibilities are placed on boards regarding sustainability, not only in reporting but also in risk and opportunity analysis, strategy development, and ensuring effective risk management and internal control. The Norwegian guidelines show a partial increase in emphasis on sustainability. However, the Icelandic and Finnish guidelines need to catch up in providing boards with guidance on fulfilling their role in sustainability matters.

JEL flokkun: G34; G38; M1; L1; L2.

Lykilorð: Stjórnarhættir fyrirtækja; sjálfbærniupplýsingagjöf; lög og reglur; leiðbeiningar um stjórnarhætti.

Keywords: Corporate governance; sustainability-law; law and regulation; governance codes and guidelines.

Corporate sustainability reporting and its impact on the work of boards.

1 Inngangur

Þróun stjórnarháttanna fyrirtækja hefur endurspeglad aukna áherslu á sjálfbærni (Naciti, Cesaroni og Pulejo, 2022). Sú þróun hefur ýtt undir endurskoðun á því hvernig litið er á hlutverk fyrirtækja og stjórnar þeirra í samfélaginu. Milton Friedman (1970) hélt því fram í hluthafakenningu (Shareholders Theory) sinni að eini tilgangur fyrirtækja væri að hámarka hagnað hluthafa. Andstætt þessu sjónarmiði hefur haghafakenningin (Stakeholder Theory), sjá Freeman (1984) og Donaldson og Preston (1995), bent á mikilvægi þess að fyrirtæki beri skyldur gagnvart öllum haghöfum, ekki aðeins hluthöfum. Með því sé ekki gengið fram hjá hagsmunum hluthafa um hámarks hagnað, heldur gengur kenningin út á að með því að taka tillit til ólíkra hagsmuna, nái fyrirtæki betri árangri (Ambec og Lanoie, 2008; Lára Jóhannsdóttir og McInerney, 2018). Þessi sjónarmið hafa einnig haft áhrif á þróun stjórnarháttanna, eins og sést í Cadbury skýrslunni (1992), þar sem áhersla er á heiðarleika og upplýsingaskyldu. Sú áhersla er nú talinn grundvöllur stjórnarháttanna sem horfa einnig til mikilvægi umhverfis- og samfélagslegra þátta í rekstri fyrirtækja (Solomon, 2020). Sömu þróun má sjá þegar kemur að leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja hér á landi. Nær innihald þeirra nú til ófjárhagslegrar upplýsingagjafar og fleiri hagaðila en raunin var í fyrstu útgáfum leiðbeininganna (Runólfur Smári Steinþórsson og Pröstur Olaf Sigurjónsson, 2022).

Evrópusambandið (ESB) hefur unnið að því að innleiða löggjöf sem stuðlar að meiri áherslu á sjálfbærni í fyrirtækjarekstri. Árið 2014 lagði ESB í fyrsta sinn skyldur á herðar tilteknum fyrirtækjum til að birta ófjárhagslegar upplýsingar (Non-financial Information) í skýrslu stjórnar. Var það gert með tilskipun ESB um ófjárhagslega upplýsingagjöf (Non-financial Reporting

Directive, NFRD) (Directive 2014/95), sem tók gildi innan ESB í desember 2014. Bera stjórnir fyrirtækja ábyrgð á framsetningu slíkra upplýsinga og að hún sé í samræmi við gildandi lög og reglur. Með tilskipun (European Commission, 2023a) um sjálfbærniupplýsingagjöf fyrirtækja (Corporate Sustainability Reporting Directive, CSRD) hefur ESB lagt fleiri vörður í átt að sjálfbærri þróun innan sambandsins og því markmiði að Evrópa verði fyrsta kolefnishlutlaus heimálfan fyrir árið 2050. Með tilskipuninni er í fyrsta sinn settur skýr rammi utan um skyldubundna og samræmda upplýsingagjöf fyrirtækja um málefni sjálfbærni.

Með gildistöku tilskipunarinnar mun áhersla á sjálfbærni innan fyrirtækja aukast til muna. Þetta þýðir að í stað þess að stefna að því að hámarka hagnað hluthafa án tillits til annarra þátta, eru stjórnir nú hvattar til að horfa til langtímaáhrifa ákvarðana sinna á starfsfólk, birgja, viðskiptavinum, umhverfi og samfélag. Hefur því verið haldið fram að í fyrsta sinn í sögunni beri stjórnir fyrirtækja skyldu samkvæmt lögum til að taka tillit til hagsmuna annarra en hluthafa félagsins (Solomon, 2020).

Þetta er ástæða þess að áhugavert er að rannsaka hvaða áhrif tilskipunin komi til með að hafa á störf stjórna sem margar hverjar hafa hingað til fyrst og fremst hugað að því að hámarka hagnað hluthafa án þess að hafa á því gætur hvaða áhrif fyrirtækjareksturinn hefur á umhverfi eða samfélag. Rannsóknarspurningar þær sem leitast verður við að svara í þessari grein eru tvær. Í fyrsta lagi verður kannað hvaða áhrif tilskipun um sjálfbærniupplýsingagjöf fyrirtækja (CSRD) muni hafa á störf stjórna þeirra íslensku fyrirtækja sem falla undir gildissvið hennar. Í öðru lagi verður skoðað hvort áhrifa tilskipunarinnar sé farið að gæta í nágildandi leiðbeiningum um stjórnarhætti á Norðurlöndunum. Ef áhrifa tilskipunarinnar er farið að gæta í leiðbeiningum um stjórnarhætti getur það gefið vísbendingu um hvaða áherslubreytingar tilskipunin hefur í för með sér þegar kemur að stjórnarháttum fyrirtækja og þar með á störf stjórna.

Rannsóknin veitir mikilvæga innsýn á áhrif lögbundinnar og staðlaðrar sjálfbærnisráðgjafar á störf stjórna og áherslur í stjórnarháttum fyrirtækja. Niðurstöður hennar geta nýst fræðimönnum, stjórnarmönnum, stjórnendum, fjárfestum og öðrum aðilum sem koma að málefnum sjálfbærni.

Greinin er byggð upp með þeim hætti að í næsta kafla er fræðileg umfjöllun, en hún tekur yfir upplýsingagjöf fyrirtækja um málefni sjálfbærni í sögulegu samhengi, frá valkvæðri upplýsingagjöf til lögbundinnar ófjárhagslegrar upplýsingagjafar. Þar á eftir er aðferð rannsóknarinnar skýrð. Í kjölfarið er greint frá niðurstöðum rannsóknarinnar, og þá fylgir umræða á eftir.

2 Fræðileg umfjöllun

2.1 Hlutverk, ábyrgð og störf stjórna

Það er ekki til nein ein skilgreining á stjórnarháttum fyrirtækja sem samstaða er um og það má sjá áherslumun á skilgreiningu stjórnarháttanna milli landa (Solomon, 2020). Í þá gildandi leiðbeiningum Fjármálaeftirlitsins um stjórnarhætti váttryggingafélaga frá árinu 2015 eru stjórnarhættir skilgreindir á þann veg að þeir snúi að samskiptum, hlutverkum og ábyrgð stjórnenda, stjórna, hluthafa og annarra hagsmunaaðila og hvernig þessir aðilar vinna sameiginlega að því að ná fram markmiðum fyrirtækis (Fjármálaeftirlitið, 2015). Í grunninn hvíla stjórnarhættir fyrirtækja á löggjöf þess félagaforms sem fyrirtæki er rekið í. Í hlutafélagalögum nr. 2/1995 er byggt á þrjú skilgreiningu valds milli hluthafa, stjórna og framkvæmdastjóra. Er hverri einingu falin tiltekin verkefni og markað valdsvið auk þess sem gert er ráð fyrir samvinnu þeirra og eftirliti hverrar með annari.

Hlutverk og ábyrgð stjórna er þannig aðeins einn angi stjórnarháttanna en jafnframt sá mikilvægasti enda er það hlutverk stjórna fyrirtækja að móta framtíðarstefnu þeirra og tryggja að starfað sé í samræmi við hana. Stjórn gegnir einnig eftirlitshlutverki og ber að tryggja að farið sé að lögum og reglum sem gilda um starfsemi fyrirtækis.

Hvergi í nágildandi lögum, reglum eða leiðbeiningum, er að finna almenn fyrirmæli varðandi það hvernig stjórnir fyrirtækja eigi að haga störfum sínum, hversu oft þær eigi að funda eða hvaða málefni eigi að rata inn á hvern stjórnarfund. Fyrir utan þau tilmæli í leiðbeiningum um stjórnarhætti um að stjórn skuli setja stefnu um sjálfbærni fyrirtækis er lítið sem ekkert fjallað um störf stjórnna í sjálfbærnimálum (Viðskiptaráð o.fl., 2021). Í NFRD-tilskipuninni (Directive 2014/95) er ekki að finna umfjöllun um störf stjórnar þegar kemur að ófjárhagslegum upplýsingum.

Hlutfélagalög nr. 2/1995 gilda um öll fyrirtæki sem eru rekin á hlutfélagagaformi og er þar vikið að þrískiptingu valds og ábyrgðar innan fyrirtækja. Þessir þrír þættir eru hluthafafundur, stjórn og framkvæmdastjóri. Í lögum um einkahlutfélag nr. 138/1994 er á sama hátt fjallað um hlutverk og skipan stjórnna einkahlutfélaga. Ákveðnar tegundir fyrirtækja sem tengjast almannahagsmunum falla undir ýmis sérlög og reglur þar sem finna má ítarlegri fyrirmæli um hlutverk og verkefni stjórnna slíkra fyrirtækja. Sem dæmi má nefna lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og lög nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi. Þau fyrirtæki sæta eftirliti Seðlabankans og geta brot stjórnarmanna gagnvart lögum um starfseminna varðað sektum eða fangelsi sbr. t.d. 169. gr. laga um váttryggingastarfsemi. Umfjöllunin hverfist fyrst og fremst um þau lög og reglur sem gilda um almenn hlutfélag og þá sérstaklega stór fyrirtæki og fyrirtæki á markaði enda eru það þau fyrirtæki sem falla undir gildissvið hinnar nýju sjálfbærnilöggjafar.

Í hlutfélagalögum nr. 2/1995 er að finna lagafyrirmæli sem segja til um þau störf sem stjórnnum hlutfélaga er ætlað að sinna. Lögin fjalla aðallega um verkefni stjórnna sem snúa að meðferð hlutfjár, aðal- og hluthafafundum og starfskjarastefnu svo eitthvað sé nefnt. Í 68. gr. hlutfélagalaga er að finna meginreglu um skyldur stjórnarmanna. Samkvæmt greininni fer stjórn með málefni félagsins og sér til þess að skipulag og starfsemi þess sé jafnan í réttu og góðu horfi. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn hefur gefið. Undantekning er þó á þessu þar sem framkvæmdastjóri þarf sérstaka heimild frá stjórn til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Stjórn skal sjá til þess að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Það er hlutverk framkvæmdastjóra að sjá til þess að bókhald sé fært í samræmi við lög og venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti. Eingöngu stjórn getur veitt prókúruumboð. Í leiðbeiningum um stjórnarhætti eru þessar skyldur stjórnna, sérstaklega eftirlitsskylda stjórnna, útfærðar með nánari hætti. Í 68. gr. hlutfélagalaga er þannig verið að afmarka valdsvið og verkaskiptingu milli stjórnar og framkvæmdastjóra. Lögð er áhersla á eftirlitshlutverk stjórnar og á það við um alla þætti starfsemi fyrirtækisins, einnig sjálfbærni þess.

Þegar kemur að verkefnum stjórnna kveða hlutfélagalögin á um að stjórn og framkvæmdastjóri beri ábyrgð á gerð, skilum og birtingu ársreiknings fyrir hvert reikningsár. Skulu sömu aðilar einnig undirrita hann. Þá er einnig fjallað um skýrslu stjórnar en ófjárhagslegar upplýsingar fyrirtækis eru hluti af henni. Lögð er áhersla á að stjórn og framkvæmdastjóri komi á framfæri við endurskoðendur eða skoðunarmenn þeim upplýsingum og gögnum sem þeir telja að hafi þýðingu vegna starfa þeirra og veiti sömu aðilum allan nauðsynlegan aðgang að gögnum, aðstöðu og aðstoð. Í hlutfélagalögum er einnig fjallað um hlutverk endurskoðunarnefndar en fyrirtækjum sem tengjast almannahagsmunum ber að hafa slíka nefnd.

Íslenskar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja (Viðskiptaráð o.fl., 2009) voru fyrst gefnar út árið 2004 af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og NASDAQ OMX Iceland hf. (nú Nasdaq Iceland). Í þeim voru settar fram leiðbeiningar um hvernig haga ætti samskiptum milli hluthafa, stjórnna og stjórnenda fyrirtækja og voru þær í samræmi við alþjóðlegar áherslur á þessu sviði. Hafa leiðbeiningar þessar verið endurskoðaðar nokkrum sinnum frá fyrstu útgáfu, síðast árið 2021 þegar 6. útgáfa leiðbeininganna leit dagsins ljós. Frá upphafi hefur „fylgið eða skýrið“ (comply or explain) reglan verið megininntak leiðbeininganna. Þessi regla setur þær skyldur á herðar stjórnnum að þær útskýri öll frávik frá leiðbeiningunum í stjórnarháttayfirlýsingu sinni (Viðskiptaráð o.fl., 2009). Leiðbeiningarnar eru, eins og heitið gefur til kynna, til leiðbeininga fyrir fyrirtæki og geta fyrirtæki þannig haft hliðsjón af leið-

einnig skort traust á innihald upplýsinganna á sama tíma og fjárfestar þurfa í auknum mæli að vita hvaða áhrif fyrirtæki hafa á fólk og umhverfi (European Commission, 2023b).

Upplýsingaóreiða sem felst m.a. í mismunandi formi upplýsingagjafar fyrirtækja um mál-efni sjálfbærni getur aukið líkurnar á grænþvotti (Nemes o.fl., 2022). Á heimasíðu Umhverfisstofnunar er grænþvottur skilgreindur sem það sem á sér stað þegar fyrirtæki setur fram rangar eða villandi upplýsingar um umhverfiságæti eigin vöru (Umhverfisstofnun e.d.). Samþærileg skilgreining hefur verið notuð af Terra Choice, frá 2009, sbr. umfjöllun Nemes o.fl. (2022, bls 4). Grænþvottur getur líka átt sér stað í tengslum við græna markaðssetningu en varast ber að rugla hugtökunum saman. Græn markaðssetning sem aðferð er ætlað að styðja við sjálfbærni (Dangelico og Vocalelli, 2017) en markaðssetning sem gefur til kynna að seljandi vöru standi sig betur- eða að gæði vöru eða þjónustu séu meiri en innistæða er fyrir í tengslum við sjálfbærni fellur undir það sem gagnrýnt er sem grænþvottur (Umhverfisstofnun e.d.).

Í fréttatilkynningu frá Framkvæmdastjórn ESB í janúar 2021 (European Commission, 2021a) kemur fram að framkvæmd hafi verið skimun á vefsíðum þar sem finna mátti fullyrðingar um umhverfiságæti vara. Niðurstöðurnar voru sláandi en þær sýndu að 42% fullyrðinganna voru ýktar, falskar eða til þess fallnar að blekkja og gætu mögulega talist vera ólöglegir viðskiptahættir (European Commission, 2021a).

2.2 Samspil sjálfbærrar þróunar og stjórnarháttar fyrirtækja

Tilskipun ESB um sjálfbærniupplýsingagjöf fyrirtækja (Directive 2022/2464) var samþykkt af Evrópuþinginu þann 11. nóvember 2022. Tilskipunin verður innleidd í íslenskan rétt, aðallega með breytingu á lögum um ársreikninga nr. 3/2006 og verður henni bætt við VI. kafla laganna sem fjallar um skýrslu stjórnar (Menningar- og viðskiptaráðuneytið, 2024). Samkvæmt minnisblaði sem birt hefur verið í samráðsgátt stjórnvalda (Menningar- og viðskiptaráðuneytið, 2024) kemur innleiðing tilskipunarinnar til með að breyta þremur lagabálkum og einni reglugerð á Íslandi. Auk breytinga á lögum um ársreikninga nr. 3/2006, kallar innleiðing tilskipunarinnar á breytingu á lögum um endurskoðendur og endurskoðun nr. 94/2019, lögum um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu nr. 20/2021 og reglugerð nr. 537/2014 um endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum. Þar kemur jafnframt fram að lagt sé til að breytingin taki til ársreikninga fyrir reikningsárið 2025 sem skila skal til opinberrar birtingar 2026.

Tilskipuninni er ætlað að gera fyrirtæki ábyrg fyrir áhrifum þeirra á samfélagið og leiða þau í átt að hagkerfi sem er til hagsbóta fyrir umhverfi og samfélag. Hefur ESB útskýrt að nauðsynlegt hafi verið að endurskoða NFRD-tilskipunina þar sem hún þótti ekki styðja nægilega vel við umskipti yfir í sjálfbært hagkerfi. Upplýsingar fyrirtækja þóttu hvorki vera fullnægjandi né gæði þeirra mikil (European Commission, 2023b). Í skýrslum var mikilvægum upplýsingum fyrir fjárfesta oft sleppt og erfitt var fyrir fjárfesta að bera saman upplýsingar milli fyrirtækja. Þá voru fjárfestar einnig óvissir hvort treysta mætti efni skýrslanna (European Commission, 2021b). Með samræmdri og lögbundinni skýrslugerð verður fjárfestum þannig gert auðveldara fyrir að taka upplýstar ákvarðanir um fjárfestingar út frá upplýsingum frá fyrirtækjum um áhrif þeirra á umhverfi og fólk. Reynslan hefur sýnt að án staðlaðrar upplýsingagjafar er ógjörningur fyrir fjárfesta að treysta upplýsingunum sem þeir fá og bera saman fyrirtæki á grundvelli þeirra (European Commission, 2023b).

Tilskipuninni fylgja tólf nýir staðlar um sjálfbæra upplýsingagjöf (European Sustainability Reporting Standards, ESRS) sem fyrirtækjum ber að fylgja við gerð sjálfbærnisráðgjafar. Staðlarnir voru útbúnir af EFRAG, the European Financial Reporting Advisory Group, í samráði við hagsmunaaðila í Evrópu. Um að ræða tvo þverfaglega staðla, ESRS 1 og ESRS 2 sem lúta að almennum kröfum en hinir tíu snúa að UFS þáttum. Staðlar ESRS E1-E5 fjalla um umhverfismál, ESRS S1-S4 fjalla um félagslega þætti og ESRS G1 um stjórnarhætti.

Staðlarnir voru innleiddir í löggjöf ESB þann 31. júlí 2023 með reglugerð nr. 2023/2772 (Regulation 2023/2772). Staðallinn ESRS 1 hefur að geyma almennar reglur um skýrslugjöf,

engin upplýsingaskylda er í þeim staðli. Staðallinn ESRS 2 tilgreinir nauðsynlegar upplýsingar sem birta á þvert á alla staðlana. Efnislegu staðlarnir sjálfir hafa svo að geyma kröfur um upplýsingagjöf á ákveðnu sviði og gagnapunkta sem gefa á upp á tölvutæku stöðluðu formi. Efnislegu staðlarnir eru háðir mikilvægismati sem þýðir að fyrirtækið mun einungis tilkynna viðeigandi upplýsingar og getur sleppt þeim sem ekki skipta máli fyrir viðskiptamódel þess. Mikilvægismat fyrirtækja er háð utanaðkomandi endurskoðun (European Commission, 2023b). Gagnapunktarnir eru fleiri en 1000 í fyrstu útgáfu ESRS staðlanna en þeir eru ekki allir skyldubundnir („shall disclose“) heldur eru fjölmargir valkvæðir („may disclose“). Staðlarnir eru sambærilegir bæði við GRI staðlana og svo staðla Alþjóðaráðsins um sjálfbærnistaðla (International Sustainability Standards board, ISSB). Í reglugerð 2023/2772 kemur fram að staðlarnir séu einnig hannaðir til að styðja við reglugerð um upplýsingagjöf á sviði fjármálaþjónustu (Sustainable Finance Disclosure Regulation, SFDR) (Regulation 2019/2088) og Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins (Taxonomy Regulation) (Regulation 2020/852). Fleiri staðlar eru einnig í vinnslu hjá EFRAG, annars vegar staðlar fyrir ákveðnar atvinnugreinar (Sector-specific ESRS) (EFRAG, e.d.a) þar sem skilgreindar verða kröfur um samræmda upplýsingagjöf og hins vegar staðlar sem eru sérstaklega sniðnir að litlum og meðalstórum fyrirtækjum (EFRAG, e.d.b). Þann 22. janúar 2024 birti EFRAG drög að tveimur stöðlum sem lúta að litlum og meðalstórum fyrirtækjum (EFRAG, e.d.c og EFRAG, e.d.d). Staðlarnir voru í opinberu samráðsferli til 21. maí 2024. Fyrri staðallinn snýr að litlum og meðalstórum fyrirtækjum með bréf á markaði sem falla undir CSRD (EFRAG, e.d.c) en hinn staðallinn er ætlaður litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem falla ekki þar undir en vilja þrátt fyrir það birta sjálfbærniupplýsingar (EFRAG, e.d.d). Tekið er mið af því að stór fyrirtæki þurfa í upplýsingagjöf sinni að horfa á alla virðiskeðjuna og þurfa þar af leiðandi upplýsingar frá litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Lítil og meðalstór fyrirtæki eiga ekki að þurfa að veita stórum fyrirtækjum í þeirra virðiskeðju, upplýsingar sem eru umfram það sem fram kemur í þeirra stöðlum (Directive 2022/2464).

Gildistaka innan ESB er í þremur skrefum. Frá fjárhagsárinu 2024 nær tilskipunin til allra þeirra stóru fyrirtækja sem féllu undir NFRD, þ.e. fyrirtæki tengd almannahagsmunum. Skilgreining á stóru félagi byggir á skilgreiningu í ársreikningatilskipuninni nr. 2013/34, sbr. tilskipun 2023/2775 sem gerði breytingar á viðmiðunum og tók gildi 1. janúar 2024. Stórt félag er félag sem við uppgjörstag er yfir mörkun á a.m.k. tveimur af þremur eftirfarandi viðmiðunum:

1. heildareignum: 25.000.000 evrur. (var áður 20.000.000 evrur)
2. hreinni veltu: 50.000.000 evrur. (var áður 40.000.000 evrur)
3. meðalfjöldi ársverka á fjárhagsárinu: 250

Þessi fyrirtæki þurfa að skila fyrstu skýrslum samkvæmt CSRD á árinu 2025, vegna fjárhagsársins 2024. Þar á eftir koma öll önnur stór félög sem féllu ekki undir NFRD en þau þurfa að hlíta tilskipuninni frá janúar 2026, með fyrstu skýrslum árið 2026. Lítil og meðalstór fyrirtæki (SMEs) með bréf á markaði þurfa að skila skýrslum á árinu 2027, vegna fjárhagsársins 2026. Það er þó valkvætt fyrir síðastnefndu fyrirtækin þar til 1. janúar 2028 þ.e. hægt að fresta hlítningu um tvö ár. Að síðustu þurfa félög utan Evrópu sem eru með starfsemi innan ESB að skila skýrslum á árinu 2029. Talið er að CSRD muni ná til fjórfalt fleiri fyrirtækja innan Evrópusambandsins en NFRD. Er það fjölgun úr u.þ.b. 11.700 fyrirtækjum í 50.000 fyrirtæki (European Parliament, 2022).

3 Aðferð

Hér er greint frá rannsókn þar sem kannað er hvort CSRD tilskipun ESB komi til með að hafa áhrif á störf stjórnna þeirra stóru fyrirtækja sem falla undir tilskipunina. Í tengslum við það er einnig skoðað hvort áhrifa tilskipunarinnar sé farið að gæta í leiðbeiningum um góða stjórnarhætti á Norðurlöndunum.

Fyrst er hinni fræðilegu lagalegu aðferð (legal dogmatic method) beitt við greininguna (Skúli Magnússon, 2003). Gerð er samanburðarrannsókn og lagaleg greining á inntaki NFRD- og CSRD tilskipananna með það í huga að leiða í ljós hvaða breytingar síðarnefnda tilskipunin felur í sér varðandi upplýsingagjöf um málefni sjálfbærni og áhrif þeirra breytinga á störf stjórnna. Svo er gerð rannsókn á því hvort áhrifa CSRD tilskipunarinnar sé farið að gæta í leiðbeiningum um stjórnarhætti á Norðurlöndunum sem er afmörkuð við núgildandi leiðbeiningar Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar. Ekki er horft til eldri útgáfa leiðbeininganna.

Ástæða þess að horft er til Norðurlandanna er sú að þróun leiðbeininga um stjórnarhætti hefur verið mjög áþekkt innan landanna og er það einkum talið skýrast af því að löggjöf auk leiðbeininganna sjálfra hefur þróast í takt við svipaða samfélagsgerð landanna (Þröstur Olaf Sigurjónsson og J. Bjarni Magnússon, 2019). Í þeim leiðbeiningum um góða stjórnarhætti sem hvert Norðurlandanna gefur út má þó sjá mun varðandi menningu og viðskiptasiðferði sem skýrir hvernig stjórnarhættir hafa birst með ólíkum hætti (Runólfur Smári Steinþórsson og Þröstur Olaf Sigurjónsson, 2022). Þessi lönd eru einnig með sambærilegt stjórnunarmódel sem nefnt hefur verið „norræna módelið“. Það sem helst einkennir módelið er sambærileg félagsleg, menningarleg og lagaleg umgjörð, svipuð eigendamening skráðra félaga og sambærilegt stjórnskipulag fyrirtækja (Lekvall, P., 2017). Þessi lönd falla einnig öll undir CSRD tilskipunina. Ísland og Noregur gera það á grundvelli EES-samningsins en Danmörk, Finnland og Svíþjóð á grundvelli aðildar sinnar að ESB. Hefur tilskipunin þegar tekið gildi innan ríkja Evrópusambandsins.

Við greininguna á stjórnarháttaleiðbeiningunum er stuðst við verkfæri sem Runólfur Smári Steinþórsson og Þröstur Olaf Sigurjónsson (2022) kynntu til sögunnar í könnunarrannsókn á þróun leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja á Íslandi. Í þeirri rannsókn voru allar útgáfur íslensku leiðbeininganna teknar til skoðunar. Greiningarverkfærið er hér aðlagð því að framkvæma rannsókn á stjórnarháttaleiðbeiningum ólíkra landa, með áherslu á að svara þeirri spurningu hvort áhrifa CSRD tilskipunarinnar sé farið að gæta í leiðbeiningunum. Greiningin er framkvæmd út frá fjórum meginþáttum sem leiða af rannsókn og greiningu á helstu breytingunum sem felast í CSRD tilskipuninni og ESRS stöðlunum. Þessir fjórir þættir tengjast að mati höfunda mest stjórnarháttum fyrirtækja. Þeir þættir eru í fyrsta lagi upplýsingagjöf fyrirtækja. Í öðru lagi áhættustýring og innra eftirlit. Í þriðja lagi er litið til stefnumótunar og viðskiptalíkans fyrirtækja. Í fjórða og síðasta lagi er horft til áherslna á gagnsæi og umfjöllun um aðra hagaðila.

Táknin sem eru notuð fyrir samsvörunina á áherslum leiðbeininganna við CSRD tilskipunina og ESRS staðlana eru þau sömu og notuð voru rannsókn Runólfs og Þrastar (2022). Um er að ræða litaða hringfleti í fimm mismunandi stærðum. Notaður er einn litur í stað tveggja í rannsókn þeirra. Hringfletirnir fara stækkandi eftir því hversu mikil áhersla og samsvörun er við inntak tilskipunarinnar. Minnsti hringurinn táknar enga samsvörun, næsti hringur táknar litla samsvörun, svo kemur miðlungs samsvörun, svo mikil samsvörun og að lokum táknar stærsti hringurinn nánast fullkomna samsvörun við áherslur CSRD. Ekki var miðað við fullkomna samsvörun þar sem ekki er raunhæft að allar kröfur tilskipunarinnar og staðlanna komi fram í leiðbeiningum um stjórnarhætti.

Verkfærið er notað til að lýsa rannsókn á innihaldi stjórnarháttaleiðbeininganna með grafískum hætti og túlka mismunandi áherslur og samsvörun við inntak CSRD. Verkfærið má þannig sjá sem lið í innihaldsgreiningu (Stemler, 2015). Vinnulagið er þannig að höfundar hafa rýnt texta leiðbeininganna beint gegnum lestur á þeim, flokkun og mat á því um hversu mikla samsvörun er að finna á milli inntaksins í leiðbeiningunum og áherslnanna í CSRD tilskipuninni. Niðurstöður rannsóknarinnar sem birtast í verkfærinu byggja á túlkun höfunda á þeim áherslum sem finna má á einstökum þáttum í leiðbeiningum hvers lands. Nánar er svo fjallað um niðurstöður í umræðukafla greinarinnar.

Rannsóknin takmarkast við möguleg áhrif tilskipunarinnar á störf stjórnna þeirra fyrirtækja

sem koma til með að falla undir tilskipunina og þurfa þar með að skila ársreikningi sem hefur að geyma samtvinnaða upplýsingagjöf um fjárhag og sjálfbærni. Þau fyrirtæki sem falla undir gildissvið tilskipunarinnar eru annars vegar fyrirtæki sem falla undir flokk stórra fyrirtækja skv. skilgreiningu í ársreikningalögum og hins vegar lítil og meðalstór fyrirtæki á markaði. Skilgreining á litlum og meðalstörum fyrirtækjum byggir einnig á 2. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006. Ákveðnar tegundir stórra fyrirtækja sem tengjast almannahagsmunum falla undir ýmis sérlög og reglur þar sem finna má ítarlegri fyrirmæli um hlutverk og verkefni stjórna. Eru það fyrirtæki líkt og váttryggingafélög og fjármálafyrirtæki. Ekki er vikið sérstaklega að áhrifum CSRD á störf stjórna slíkra félaga, heldur látið nægja að fjalla með almennum hætti um áhrif tilskipunarinnar á störf stjórna hefðbundinna stórra fyrirtækja. Um er að ræða rannsókn á frumheimildum og lagalega greiningu á þeim gögnum. Fyrstu skref hennar felast í því að finna þær tilskipanir og reglugerðir Evrópusambandsins sem hér eru til umfjöllunar og aðrar frumheimildir á opinberum vefsíðum ESB. Þá eru einnig skoðuð íslensk lög, lagafrumvörp og leiðbeiningar. Er þar aðallega horft til hlutfélagalaga, ársreikningalaga, leiðbeininga um stjórnarhætti og UFS leiðbeininga Nasdaq. Stuðst er við enskar útgáfur leiðbeininga Norðurlandanna um stjórnarhætti til að auðvelda samanburð milli þeirra. Leiðbeiningar allra landanna, Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar reyndust vera til á ensku.

4 Niðurstöður

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknar á þeim helstu breytingum sem CSRD tilskipunin hefur í för með sér varðandi sjálfbærniupplýsingagjöf fyrirtækja og áhrifum þeirra breytinga á störf stjórna. Þá verður einnig greint frá niðurstöðum rannsóknar á því hvort áhrifa CSRD tilskipunarinnar sé farið að gæta í leiðbeiningum um stjórnarhætti á Norðurlöndunum.

4.1 Kröfur í kjölfar CSRD tilskipunar

CSRD tilskipun ESB (Directive 2022/2464) er í heild 66 blaðsíður. Um er að ræða 8 lagagreinar og fela fyrstu fjórar í sér breytingar á þremur tilskipunum og einni reglugerð ESB. Umfangsmestu breytingarnar er að finna í fyrstu grein tilskipunarinnar þar sem gerðar eru breytingar á fjölmörgum lagagreinum ársreikningatilskipunar ESB (Directive 2013/34). Þær breytingar varða sjálfbærniupplýsingagjöf stórra fyrirtækja en það eru þær breytingar sem eru til umfjöllunar í þessari ritgerð. Hvað upplýsingagjöf varðar eru gerðar mestar kröfur til þeirra fyrirtækja. Litlum og meðalstörum fyrirtækjum með bréf á markaði er veitt meira svigrúm þegar kemur að upplýsingagjöf og gilda aðrir ESRS staðlar um þau fyrirtæki. Með tilskipuninni eru einnig gerðar breytingar á tilskipun ESB um endurskoðun (Directive 2006/43) þar sem fjallað er um endurskoðun á sjálfbærniupplýsingum.

Þegar orðalag CSRD tilskipunarinnar um sjálfbærniupplýsingagjöf fyrirtækja er borið saman við orðalag NFRD tilskipunarinnar um ófjárhagslega upplýsingagjöf má sjá mikinn mun á fyrirmælum um inntak upplýsingagjafar. Í NFRD er eingöngu stutt lýsing á því hvaða ófjárhagslegu upplýsingar eigi að birta. Í CSRD eru mun ítarlegri kröfur um upplýsingagjöf. Sem fyrr eiga sjálfbærniupplýsingar að vera hluti af skýrslu stjórnar í ársreikningi fyrirtækja. Í báðum tilskipunum er krafist lýsingar á viðskiptalíkani. Í CSRD er í fimm undirliðum bætt við kröfum varðandi hvað eigi að felast í lýsingu viðskiptalíkans. Í tengslum við viðskiptalíkan skal fjalla um (Directive 2022/2464, bls. 19):

- „viðnámsþol viðskiptalíkans og stefnu fyrirtækis í tengslum við áhættuþætti sem tengjast sjálfbærni.
- tækifæri sem tengjast sjálfbærni.

- stefnur og áætlanir fyrirtækis er lúta að því að tryggja að viðskiptalíkan og stefna séu samhæfð við sjálfbært hagkerfi, Parísarsamkomulagið og markmiðið um að ná kolefnishlutleysi fyrir árið 2050.
- hvernig viðskiptalíkan og stefna fyrirtækisins tekur tillit til hagsmuna hagaðila þess og áhrifa á sjálfbærni.
- hvernig stefna fyrirtækisins hefur verið framkvæmd með tilliti til sjálfbærni.“

Lýsa þarf tímabundnum markmiðum sem fyrirtækið hefur sett sér í tengslum við málefni sjálfbærni. Þá skal lýsa hlutverki stjórnar þegar kemur að sjálfbærni fyrirtækisins og þekkingu og færni stjórnarmanna í tengslum við að rækja þetta hlutverk eða aðgang stjórnar að slíkri þekkingu og færni. Einnig skal lýsa sjálfbærnistefnu fyrirtækisins og veita upplýsingar um tilvist hvatakerfa sem tengjast málefnum sjálfbærni og eru í boði fyrir stjórnir. Þá skal gera grein fyrir áreiðanleikakönnunarferli sem innleitt hefur verið í tengslum við sjálfbærni og fara yfir helstu raunverulegu eða mögulegu skaðlegu áhrif sem tengjast starfsemi fyrirtækisins og virðiskeðju þess. Þá skal lýsa helstu áhættuþáttum í tengslum við sjálfbærni og hvernig þeim áhættuþáttum er stýrt (Directive 2022/2464, bls. 19).

Bæði CSRD og ESRS staðlarnir byggja á því að upplýsingagjöf fyrirtækja taki mið af tvöfaldrum mikilvægisgreiningu (Double materiality assessment). Fyrirtæki þurfa að greina áhrif samfélags og umhverfis í báðar áttir þ.e. hvernig fyrirtækið hefur áhrif á samfélag og umhverfi og svo hvernig samfélag og umhverfi hefur áhrif á fyrirtækið. Horfa þarf til allrar virðis-keðjunnar, framkvæma haghafagreiningar og greina áhættu og tækifæri.

Gildissvið CSRD tilskipunarinnar er útvíkkað frá NFRD. Undir tilskipunina falla öll stór fyrirtæki og lítil og meðalstór fyrirtæki með bréf á markaði. Gildissvið NFRD var takmarkað við stór fyrirtæki tengd almannahagsmunum með fleiri en 500 ársverk. Tilskipunin er talin taka til um 50.000 fyrirtækja í stað þeirra 11.700 sem féllu undir NFRD (European Parliament, 2022).

Aðrar helstu breytingar eru þær að ekki er lengur talað um ófjárhagslegar upplýsingar heldur sjálfbærniupplýsingar. Í tilskipuninni kemur fram að ástæða þess sé sú að mörgum hagaðilum þótti hugtakið „ófjárhagslegar upplýsingar“ vera ónákvæmt, sér í lagi þar sem það gefur til kynna að upplýsingarnar hafi ekki fjárhagslega merkingu. Málefni sjálfbærni (Sustainability Matters) eru skilgreind í tilskipuninni á þann veg að þar sé átt við svokallaða UFS þætti (ESG) þ.e. umhverfisþætti, félagslega þætti og stjórnarhætti, auk mannréttinda. Þá ber fyrirtækjum að fylgja ESRS stöðlunum við gerð sjálfbærnisráðgjafar. Talin var þörf á að innleiða evrópska sjálfbærnisráðgjafaraðila til að tryggja að upplýsingarnar væru samræmdar og að allar nauðsynlegar upplýsingar væru birtar. Samræmdir staðlar eru taldir nauðsynlegir til að unnt sé að endurskoða upplýsingarnar og koma á samræmdu rafrænu skýrslusniði auk þess að auðvelda eftirlit og framfylgd þeirra. Með þessu eiga sjálfbærniupplýsingar fyrirtækja að vera samanburðarhæfar með sama hætti og fjárhagsupplýsingar. Enn fremur er stefnt að fullri áritun sjálfbærniupplýsinga en fyrst um sinn er látið duga að endurskoðandi láti í ljós álit sitt með takmarkaðri vissu (Limited Assurance). Tilgangur þess er að tryggja tengingu og samræmi milli fjárhagsupplýsinga og sjálfbærniupplýsinga. Þá er gerð krafa um að stjórn beri ábyrgð á gerð, skilum og birtingu sjálfbærnisráðgjafar líkt og á við um ársreikning fyrirtækis og verða upplýsingarnar hluti af skýrslu stjórnar í ársreikningi. Skýrslurnar skulu vera á samræmdu rafrænu skýrslusniði (Single Electronic Reporting Format) og birtar í samevrópskum gagnagrunni. Með því á að auðvelda samanburð á sjálfbærniupplýsingum milli fyrirtækja og auðvelda aðgengi að þessum upplýsingum. Með þessum breytingum er málefnum sjálfbærni gert hærra undir höfði og sterkari tengsl mynduð milli fjárhags- og sjálfbærniupplýsinga.

4.2 Fyrirmæli í CSRD og ESRS um störf stjórnna

Í CSRD tilskipuninni er lögð áhersla á mikilvægi þess fyrir haghafa að í sjálfbærnisráðgjöf sé upplýst um stjórnarhætti þar sem það auðveldar lesendum að skilja áhættu og áhrif fyrirtækisins í tengslum við sjálfbærni. Nefndir eru nokkrir þættir sem ESRS staðlarnir eiga að fela í sér varðandi stjórnarhætti og vísað til þess að þeir helstu þættir sem skipta máli séu þegar tilgreindir í GRI-stöðlunum og öðrum sambærilegum stöðlum.

Í tilskipuninni sjálfri (Directive 2022/2464) kemur fram að sjálfbærniupplýsingar fyrirtækja þurfa að hafa að geyma lýsingu á hlutverki og þekkingu stjórnar á málefnum sjálfbærni eða lýsingu á aðgengi stjórnar að slíkri þekkingu og hæfni. Þá þarf að upplýsa um hvort innleitt hafi verið hvatakerfi sem tengist sjálfbærnimálum fyrir stjórnendur.

Samkvæmt ársreikningatilskipun ESB (Directive 2013/34) ber stjórn fyrirtækis ábyrgð á því að gerð sé ársskýrsla og skýrsla stjórnar. Í CSRD er ábyrgð stjórnar einnig látin ná yfir það að tryggja sé að endurskoðun sjálfbærniupplýsinga sé í samræmi við fyrirmæli tilskipunarinnar. Líkt og áður hefur komið fram ber fyrirtækjum sem tengjast almannahagsmunum að skipa endurskoðunarnefnd og er það stjórn sem ber ábyrgð á skipun nefndarinnar. Í CSRD tilskipuninni kemur fram að fela eigi endurskoðunarnefnd ákveðin verkefni sem tengjast endurskoðun sjálfbærniupplýsinga. Þess ber þó að geta að fyrirtækjum er veitt heimild til þess að fela þessi tilgreindu verkefni endurskoðunarnefndar, stjórninni sjálfri eða annarri nefnd sem stjórnin skipar. Felast þau verkefni í því að upplýsa stjórn fyrirtækisins um niðurstöðu endurskoðunar og útskýra hvernig nefndin lagði sitt af mörkum til að tryggja heilindi sjálfbærniupplýsinga og gera grein fyrir hlutverki nefndarinnar í ferlinu. Nefndinni er falið að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð sjálfbærnisráðgjöf og ferli rafrænna skila á gögnum ásamt því að leggja fram tillögur að umbótum til að tryggja heilindi upplýsinganna. Hlutverk nefndarinnar þegar kemur að eftirliti með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits og áhættustýringu nær skv. tilskipuninni einnig til sjálfbærniupplýsinga, þar sem við á. Eftirlit nefndarinnar með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings á einnig, þar sem við á, að ná til sjálfbærniupplýsinga. Sama gildir um mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.

Í ESRS stöðlunum (Regulation 2023/2772) má finna ítarlegar upplýsingar um innihald sjálfbærniupplýsingagjafar fyrirtækja. Í ESRS 2, almennri upplýsingaskýldu, er fjallað um stjórnarhætti og hlutverk stjórnna í málefnum sjálfbærni. Í staðlinum er lögð áhersla á að greint sé frá samsetningu stjórnar, hlutverki hennar í málefnum sjálfbærni og aðgengi stjórnar að þekkingu og reynslu í tengslum við sjálfbærni. Greina skal frá hvernig stjórn er upplýst um sjálfbærnimálefni og hvernig málin voru meðhöndluð innan stjórnar á hverju tímabili. Þá skal greina frá samþættingu sjálfbærnimælikvarða við hvatakerfi fyrirtækis. Í staðlinum er einnig vikið að upplýsingagjöf um áreiðanleikakönnunarferli sjálfbærni ásamt upplýsingagjöf um meginþætti áhættustýringar og innra eftirlitskerfi í tengslum við sjálfbærnisráðgjöf. Sérstaklega er tekið fram að í stöðlunum er ekki lögð nein skylda á herðar fyrirtækjum varðandi áreiðanleikakönnun og stöðlunum er ekki ætlað að útvíkka eða breyta hlutverki stjórnar að því er varðar framkvæmd áreiðanleikakönnunar.

ESRS G1 staðallinn varðar almennar upplýsingaskýldur í stjórnarháttahluta ESRS 2, þar sem sérstaklega er fjallað um hlutverk stjórnar. Í þessu samhengi stendur „G“ fyrir „Governance“ eða stjórnarhætti. Í staðlinum eru stjórnarhættir teknir fyrir í sex aðgreindum köflum, sem bera heitin G1-1 til G1-6. Hver kafli skilgreinir kröfur um þær upplýsingar sem fyrirtæki þurfa að veita og stuðlar að auknu gagnsæi og ábyrgð í sjálfbærnisráðgjöf þeirra. Áherslan er lögð á að fyrirtæki veiti skýrar og ítarlegar upplýsingar um stefnu sína, nálgun og frammi-stöðu þegar kemur að stjórnarháttum og viðskiptasiðferði. Meginmarkmið ESRS G1 staðalsins er að setja fram ítarlegar kröfur um upplýsingagjöf. Þær miða að því að veita hagsmunaaðilum og lesendum dýpri skilning á stefnu fyrirtækisins, stjórnarháttum, ferlum og heildarframmi-stöðu. Þetta nær til viðleitni fyrirtækisins til að viðhalda siðferðilegum viðskiptaháttum og styðja jákvæða fyrirtækjamenningu. Sérstaklega beinist staðallinn að mikilvægum þáttum eins

og aðgerðum gegn spillingu og mútum, vernd uppljóstrara og skuldbindingu til að tryggja velferð dýra. Þessir þættir undirstrika skuldbindingu fyrirtækisins til að viðhalda heilindum og ábyrgð í starfsemi sinni. Auk þess tekur ESRS G1 staðallinn til annarra mikilvægra þátta í stjórnarháttum. Til dæmis er gerð krafa um að fyrirtæki greini frá samskiptum sínum við birgja og útskýri hvernig þessi samskipti eru stjórnuð og fylgd eftir til að tryggja siðferðilega starfshætti í allri virðiskeðjunni. Staðallinn fjallar einnig um pólitíska starfsemi fyrirtækisins, þar á meðal áhrif þess á opinbera stefnumótun og þátttöku í hagsmunagæslu. Með því að krefjast gagnsæis á þessum sviðum tryggir ESRS G1 staðallinn að hagsmunaaðilar geti metið samfélagsleg og pólitísk áhrif fyrirtækisins.

Í heildina er ESRS G1 staðallinn mikilvægur grunnur fyrir að stuðla að gagnsæi og ábyrgð í stjórnarháttum fyrirtækja. Hann leggur áherslu á nauðsyn þess að stjórnarhættir samræmist siðferðilegum viðmiðum og efli traust meðal hagsmunaaðila. Með því að fjalla um fjölbreytt viðfangsefni, svo sem viðskiptasiðferði, fyrirtækjamenningu, aðgerðir gegn spillingu, vernd uppljóstrara, velferð dýra, samskipti við birgja, pólitísk áhrif og hagsmunagæslu, veitir staðallinn heildrænt ramma fyrir mat á frammistöðu fyrirtækja í stjórnarháttum. Þetta tryggir að sjálfbæriskýrslur innihaldi mikilvægar og hagnýtar upplýsingar um nálgun fyrirtækis og áhrif þess á samfélag og umhverfi..

4.3 Leiðbeiningar um stjórnarhætti á Norðurlöndunum





















Til að leita svara við því hvort inntaks CSRD tilskipunarinnar sé farið að gæta í leiðbeiningum um stjórnarhætti er framkvæmd greining á fjórum meginþáttum á helstu breytingum sem felast í CSRD og ESRS stöðlunum. Tengjast þessir meginþættir allir inntaki slíkra stjórnarháttaleiðbeininga. Þeir þættir eru:

1. Upplýsingagjöf fyrirtækja. Með CSRD og ESRS er verið að innleiða skyldubundna og samræmda upplýsingagjöf um málefni sjálfbærni í skýrslu stjórnar. Fyrirtæki þurfa að birta upplýsingar sem eru bæði nákvæmar, staðlaðar og samanburðarhæfar.
2. Áhættustýring og innra eftirlit. Samhliða auknum kröfum um sjálfbærniupplýsingagjöf er fullnægjandi áhættustýring og innra eftirlit sem tekur einnig til sjálfbærniþátta forsenda þess að stjórn geti sinnt eftirlitshlutverki því sem henni er falið að lögum.
3. Stefnumótun og viðskiptalíkan fyrirtækja. CSRD tilskipunin leggur áherslu á að lýst sé með hvaða hætti sjálfbærni tengist viðskiptalíkani og stefnumótun fyrirtækja.
4. Gagnsæi og aðrir hagaðilar. Með innleiðingu CSRD er gerð ríkari krafa til fyrirtækja um að aukið gagnsæi varðandi stjórnarhætti sína og tryggja auðvelt aðgengi allra hagaðila að upplýsingum um starfsemi fyrirtækisins. Tilskipunin leggur einnig áherslu á opið samtal fyrirtækja við alla hagaðila og að tekið sé tillit til þarfa og hagsmuna fjárfesta, neytenda, starfsfólks og annarra hagaðila sem tengjast fyrirtækinu.

Á mynd 1 er lýst áherslum leiðbeininga hvers lands á þá fjóra meginþætti sem til skoðunar eru. Munstrið á myndinni varpar ljósi á mismunandi samsvörun á einstaka þætti milli landa. Er það sýnt með stærð hringja. Minnsti hringurinn táknar enga samsvörun, næsti hringur táknar litla samsvörun, svo kemur miðlungs samsvörun, svo mikil samsvörun og að lokum táknar stærsti hringurinn nánast fullkomna samsvörun við áherslur CSRD. Ekki var miðað við fullkomna samsvörun þar sem ekki er raunhæft að allar kröfur tilskipunarinnar og staðlanna komi fram í leiðbeiningum um stjórnarhætti. Alltaf munu vera til staðar einhverjir áhersluþættir sem ekki skila sér inn í leiðbeiningarnar.

Mynd 1

Greining á samsvörun CSRD tilskipunar við leiðbeiningar á góðum stjórnarháttum á Norður-löndum

	Upplýsingagjöf	Áhættustýring og innra eftirlit	Stefnumótun og viðskiptalíkan	Gagnsæi og aðrir hagaðilar
Danmörk				
Finnland				
Ísland				
Noregur				
Svíþjóð				

Heimild: Stuðst er við greiningarverkferi Runólfs Smára Steinþórssonar og Þrastar Olaf Sigurjónssonar (2022) við þessa greiningu og það aðlagð að þeirri rannsókn sem hér er framkvæmd.

Finnsku leiðbeiningarnar eru þær elstu og tóku gildi 1. janúar 2020 (Securities Market Association, 2019). Leiðbeiningarnar eru mjög ítarlegar, alls 72 blaðsíður og gefa nákvæma leiðsögn til fyrirtækja ásamt því að hafa að geyma tékklista yfir ýmsa þætti. Þrátt fyrir að þær séu umfangsmestar allra leiðbeininganna, er nánast ekkert vikið að sjálfbærni í þeim. Hvað upplýsingagjöf varðar er með ítarlegum hætti fjallað um yfirlýsingu um stjórnarhætti og lögð áhersla á að fyrirtæki birti upplýsingar á vefsíðu sinni. Þá er ekki vikið að stefnumótun né viðskiptalíkani. Í umfjöllun um verkefni endurskoðunarnefndar er minnst stuttlega á að nefndin gæti séð um ófjárhagslega upplýsingagjöf. Leiðbeiningarnar leggja mikla áherslu á gagnsæi en ekki er minnst á aðra hagaðila. Finnsku leiðbeiningarnar standa leiðbeiningum hinna landanna langt að baki þar sem litla sem enga umfjöllun er þar að finna um sjálfbærni eða ófjárhagslegar upplýsingar.

Næstelstar eru dönsku leiðbeiningarnar en þær tóku gildi 1. janúar 2021 (Danish Committee on Corporate Governance, 2020). Í formála leiðbeininganna er greint frá því að orðið „sjálfbærni“ sé í fyrsta sinn innleitt inn í leiðbeiningarnar en einnig er þar fjallað um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja. Lögð er áhersla á að virðissköpun fyrirtækja taki mið af sjálfbærni í víðum skilningi þ.e. þegar kemur að umhverfismálum, mannaúði og samfélagi. Fyrsti kafli leiðbeininganna fjallar um samskipti við hluthafa, fjárfesta og aðra haghafa. Í honum er lögð áhersla á hreinskilni og gagnsæi í samskiptum við hluthafa og aðra haghafa, þar með talið samfélagið. Mælt er með að stjórn fái möguleika á að heyra og koma sjónarmiðum hluthafa, fjárfesta og annarra haghafa að í starfi sínu. Stjórn á að setja stefnu um samfélagslega ábyrgð fyrirtækisins sem felur í sér sjálfbærni og tryggja að fullnægjandi eftirlit sé með hlítinu við stefnuna. Þá er sérstök áhersla lögð á hlutverk stjórnar þegar kemur að áhættustýringu og innra eftirliti á þann hátt að stjórn þarf að tryggja að skilvirkt áhættustýringarkerfi sé til staðar og þar með viðeigandi innra eftirlit með áhættu tengdri sjálfbærni. Þess er getið að fyrirtæki ættu að íhuga það að birta á vefsíðu sinni upplýsingar um þessi málefni. Í leiðbeiningunum

er einnig umfjöllun um samfélagið og lögð áhersla á mikilvægi þess að fyrirtæki bæði skilji og íhugi þau jákvæðu og neikvæðu áhrif sem það kann að hafa á samfélagið. Fjallað er um orðspor fyrirtækja þegar kemur að málefnum samfélagsins og nauðsyn þess að fyrirtæki dragi úr hugsanlegum neikvæðum áhrifum á samfélagið í heild. Hugtakið „tilgangur fyrirtækis“ er kynnt til sögunnar og er það skilgreint á þann hátt að tilgangur fyrirtækis sé það meginmarkmið að skapa langtíma verðmæti sem það skilar hluthöfum, öðrum haghöfum og samfélaginu. Ber stjórn fyrirtækis að huga að tilgangi þess. Heilt yfir eru dönsku leiðbeiningarnar mjög nálægt því að uppfylla allra fjóra meginþættina.

Íslensku leiðbeiningarnar um stjórnarhætti tóku gildi 1. júlí 2021 (Viðskiptaráð o.fl., 2021). Í leiðbeiningunum er vikið með ítarlegum hætti að verkefnum stjórnarformanns og stjórnarmanna en þegar kemur að málefnum sjálfbærni er eingöngu á einum stað vikið að sjálfbærni þar sem fjallað er um skyldu stjórnar til þess að setja stefnu um sjálfbærni auk skriflegra viðmiða um siðferði. Í skýringum er tekið fram að sjálfbærni félags varði ábyrgð þess á þeim áhrifum sem starfsemi þess hefur á fólk, samfélag og umhverfi. Lagðar eru þær skyldur á herðar fyrirtækinu að marka sér stefnu um sjálfbærni og samskipti við hagsmunaaðila ásamt því að móta leiðir til að tryggja eftirfylgni við þá stefnu. Í umfjöllun um upplýsingagjöf er lögð áhersla á að birting upplýsinga um stjórnarhætti fyrirtækja auki gagnsæi um stjórnarhætti þeirra gagnvart hluthöfum og öðrum hagaðilum. Í leiðbeiningunum er fjallað um ófjárhagslega upplýsingagjöf og er þar um að ræða sambærilegt orðalag og finna má í grein 66. d. í ársreikningalögum. Eini munurinn er að í leiðbeiningunum er því bætt við að birta skuli ófjárhagslegar upplýsingar á vefsíðu fyrirtækis. Umfjöllun í íslensku leiðbeiningunum ber þess merki að þær taki mið af gildandi löggjöf á þeim tíma sem þær tóku gildi í stað þess að ganga lengra líkt og gert er í dönsku leiðbeiningunum sem bera þess merki að horft hafi verið til umræðu innan ESB um málefni sjálfbærni við gerð þeirra.

Norsku leiðbeiningarnar um stjórnarhætti fyrirtækja eru frá 14. október 2021 (Norwegian Corporate Governance Board, 2021). Helstu nýmælin felast í því að í stað þess að talað sé um að verðmætasköpun fyrirtækis samþætti sjónarmið tengd haghöfum fyrirtækisins þá er mælt með að stjórn skilgreini skýr markmið, stefnu og áhættu í starfsemi fyrirtækisins svo það skapi verðmæti fyrir hluthafa á sjálfbæran hátt. Stjórn skal taka tillit til fjárhagslegra, félagslegra og umhverfislegra þátta. Tekið er fram að stjórn ætti að endurmeta þessi markmið, stefnu og áhættu að minnsta kosti árlega. Markmiðið með þessari breytingu er að tryggja að sjónarmið sjálfbærni séu nátengd starfsemi og verðmætasköpun fyrirtækisins. Sérstaklega er tekið fram að verið sé að ganga lengra en gert er í ársreikningalögum Noregs sem fjalla um upplýsingagjöf um þessa þætti. Það vekur athygli að þrátt fyrir þessa áherslubreytingu er ekki að finna frekari umfjöllun um sjálfbærni í leiðbeiningunum. Í umfjöllun um áhættustýringu og innra eftirlit er með óbeinum hætti vísað til eftirlits með starfsemi fyrirtækisins sem tekur þá einnig á sjálfbærniþáttum. Ekki er minnst á sjálfbærnisráslu eða ófjárhagslega upplýsingagjöf.

Núgildandi sænsku leiðbeiningarnar um stjórnarhætti fyrirtækja eru þær nýjustu og tóku gildi 1. janúar 2024 (Swedish Corporate Governance Board, 2024). Þær eru minnstar að umfangi, eingöngu 28 blaðsíður. Í inngangi leiðbeininganna er fjallað um tilurð þess að ráðist var í breytingar á þágildandi leiðbeiningum sem tóku gildi 1. janúar 2020. Ein ástæða breytinganna er starf ESB á sviði stjórnarháttanna fyrirtækja, þar með taldar kröfur um sjálfbærnisráslur. Voru þær kröfur felldar inn í leiðbeiningarnar. Svíþjóð er þannig fyrst Norðurlandanna til að uppfæra leiðbeiningarnar með tilliti til nýrrar sjálfbærnilöggjafar ESB. Athygli vakti að í leiðbeiningunum er vikið að því sem kallað hefur verið samfélagslegt rekstrarleyfi (Social License To Operate) og hverfist um að fyrirtæki þurfi óformlegt leyfi samfélagsins til rekstrar, umfram opinber rekstrarleyfi (Lára Jóhannsdóttir, 2013). Þar er tekið fram að það sé ábyrgð fyrirtækis að tryggja að samfélagið haldi trausti þess og því séu mál sem varða sjálfbærni, fjölbreytni og jafnrétti kynjanna, sem og orðspor fyrirtækisins, nauðsynleg fyrir viðskiptaárangur þess. Mál efni sjálfbærni flæða í gegnum leiðbeiningarnar og er sérstaklega vikið að verkefnum stjórnar. Stjórn skal auðkenna hvernig sjálfbærni hefur áhrif á áhættu og tækifæri fyrir fyrirtækið og

marka viðeigandi leiðbeiningar sem snúa að háttsemi fyrirtækisins í samfélaginu. Þá er víkið að ábyrgð stjórnar þegar kemur að áhættustýringu og innra eftirliti og er þar sérstaklega minnst á sjálfbærniáhrif. Tekið er fram að þær breytingar sem gerðar voru á leiðbeiningunum og tengjast málefnum sjálfbærni, taka gildi í samræmi við gildistöku CSRD-tilskipunarinnar. Athygli vekur að í leiðbeiningunum er tilgreint að umfjöllun um aðra hagaðila er ekki talin eiga heima innan leiðbeininganna sem eru út frá eigendamiðum stjórnarháttum. Það er skýringin á því að sænsku leiðbeiningarnar fá ekki stærsta hringinn í verkfærinu sem notað er til greiningar þegar kemur að öðrum hagaðilum.

5 Umræða

Áhersla á málefni sjálfbærni hefur aukist í alþjóðasamfélaginu og hafa stjórnarhættir fyrirtækja þróast samhliða því á þann veg að fyrirtæki eru nú talin bera skyldur gagnvart fleirum en eigendum þeirra. Innan Evrópusambandsins hafa verið stigið nokkur skref til þess að hvetja og jafnframt skylda fyrirtæki til að huga enn frekar að sjálfbærni í starfsemi sinni. Þótti ólögbundin og valkvæð upplýsingagjöf fyrirtækja ekki duga til þess að ná markmiðum sambandsins um sjálfbæra þróun og því var stigið það skref að innleiða í löggjöf ESB, lögbundna og samræmda sjálfbærniupplýsingagjöf fyrirtækja. Áhugavert er því að skoða áhrif þessarar löggjafar á störf stjórna og áherslur í stjórnarháttum fyrirtækja. Með það í huga voru settar fram tvær rannsóknarspurningar:

1. Hvaða áhrif mun tilskipun um sjálfbærniupplýsingagjöf fyrirtækja (CSRD) hafa á störf stjórna þeirra íslensku fyrirtækja sem falla undir gildissvið hennar?
2. Er áhrifa tilskipunarinnar farið að gæta í núgildandi leiðbeiningum um stjórnarhætti á Norðurlöndunum?

5.1 Áhrif CSRD á störf stjórna

Eins og CSRD tilskipunin gefur til kynna fjallar hún um upplýsingagjöf fyrirtækja um málefni sjálfbærni. Engar skyldur eru lagðar á herðar stjórnnum fyrirtækja í tilskipuninni umfram það sem þegar hefur verið í íslenskum lögum og leiðbeiningum um stjórnarhætti. Tilskipunin leggur ekki heldur neinar athafnaskyldur á herðar fyrirtækjum þegar kemur að sjálfbærni þ.e. hún hefur ekki að geyma bindandi kröfur til beinna aðgerða á sviði umhverfisþátta, félagslegra þátta, stjórnarháttanna eða mannréttinda. Fyrirtækjum er eingöngu gert að upplýsa um það sem þau eru að gera í málefnum sjálfbærni, ef eitthvað.

Þrátt fyrir að CSRD tilskipunin kveði ekki á um beinar sjálfbærni aðgerðir, er vilji ESB skýr. Hann birtist m.a. í fréttatilkynningu sem Evrópuráðið gaf út í tilefni af samþykkt ráðsins á CSRD tilskipuninni (2022) þar sem fram kemur að hinar nýju reglur muni gera fleiri fyrirtæki ábyrg fyrir áhrifum þeirra á samfélagið og leiða þau í átt að hagkerfi sem gagnast fólki og umhverfi. Greina má einnig hver viljinn er af þeim upplýsingum, sem fyrirtækjum sem falla undir tilskipunina, ber að greina frá og tengjast sjálfbærni. Þannig stendur vilji til þess að fyrirtæki tengi sjálfbærni við viðskiptalíkan sitt og stefnumótun, setji sér tímasett markmið í loftlagstengdum málum, greini helstu áhættur og tækifæri sem felast í sjálfbærni og framkvæmi áreiðanleikakönnun á áhrifum fyrirtækisins, áhættu og tækifærum þegar kemur að sjálfbærni. Áreiðanleikakönnunin á að ná niður alla virðiskeðjuna. Tilskipunin gerir beinlínis ráð fyrir að stjórnanna annaðhvort búi yfir þekkingu á málefnum sjálfbærni eða hafi aðgang að aðilum með slíkra þekkingu. Meginhlutverk stjórna fyrirtækja, samkvæmt hlutafélagalögum og leiðbeiningum um stjórnarhætti, er að fara með æðsta vald í málefnum fyrirtækisins milli aðalfunda, móta framtíðarstefnu þess og hafa eftirlit með því að starfsemi fyrirtækisins sé í samræmi við stefnuna, sem og gildandi lög og reglur. Er það nú, jafnt sem áður, undir hverri stjórn komið að ákveða hvernig hún rækir stefnumótunar- og eftirlitshlutverk sitt. Þegar kemur að sjálfbærniupplýsingagjöf, gildir það bæði um lögbundna og valkvæða upplýsingagjöf fyrirtækis,

að stjórn ber á grundvelli meginreglna hlutafélagalaga, að móta stefnu fyrir fyrirtækið og hafa eftirlit með því að fyrirtækið standi við allar skyldur sínar samkvæmt lögum og reglum.

Það eitt að upplýsa eigi um þessa þætti í skýrslu stjórnar, mun leiða til þess að stjórnir þurfa að taka upplýsta umræðu um hvaða leið verður farin þegar kemur að innleiðingu á sjálfbærni í stefnu og viðskiptalíkan fyrirtækisins og greina frá því með hvaða hætti það var gert. Stöðluð og samanburðarhæf upplýsingagjöf sem hefur það að markmiði að auka gagnsæi, leiðir til þess að fyrirtæki sem ekki taka þátt í sjálfbærnivegferð Evrópusambandsins verða berskjölduð og eiga á hættu að fjárfestar og jafnvel lánveitendur forðist slík fyrirtæki. Þá er orðspor fyrirtækisins og stjórnar þess í húfi ef upp kemst að fyrirtækið hafi ekki hugað að umhverfislegum og félagslegum þáttum eða stjórnarháttum í rekstri sínum. Hætta er á að slík fyrirtæki muni þrífast illa í hagkerfi sem setur sjálfbærni á oddinn. Fyrirtæki sem iðka samfélagsábyrgð og sjálfbærni eru talin vera betri fjárfestingakostur til lengri tíma lítið og eru slíkar fjárfestingar taldar fela í sér minni áhættu (Wang o.fl., 2016,). Það er mögulega tímanna tákni að bent sé á að það sé mikilvægt fyrir fyrirtæki að hafa „samfélagslegt rekstrarleyfi“ eins og vikið er að í sænsku leiðbeiningunum um stjórnarhætti. Til að ná eða halda í slíkt samfélagslegt rekstrarleyfi verða fyrirtæki að huga að sjálfbærni og orðspori sínu í samfélaginu, meðal viðskiptavina og starfsfólks (Lára Jóhannsdóttir og McInerney, 2018).

Af lögboðnu eftirlitshlutverki stjórnar leiðir að stjórnir þurfa að tryggja að til staðar sé innra eftirlitskerfi til að tryggja heilindi sjálfbærniupplýsinga fyrirtækisins enda ber stjórn ábyrgð á að upplýsingarnar séu réttar og standist þá endurskoðun sem verður framkvæmd á þeim. Sé skilvirkt innra eftirlitskerfi ekki staðar eða fullnægjandi eftirfylgni með gerð sjálfbærnisráðgjafar getur það leitt til þess upplýsingagjöf fyrirtækis verði talin ófullnægjandi.

Samkvæmt Halldóri I. Pálssyni sérfræðingi hjá fyrirtækja- og ársreikningaskrá Skattsins (munnleg heimild, 22. apríl 2024) geta afleiðingar þess verið þær að ársreikningaskrá þurfi að bregðast við með því að hafna viðkomandi skýrslu í heild eða gera kröfu um að fyrirtækið birti viðbótarupplýsingar í samræmi við leiðbeinandi reglur um eftirlit með sjálfbærnisráðgjafar (Guidelines on Enforcement of Sustainability Information, GLESI) sem Verðbréfaeftirlit Evrópu þ.e. European Securities and Markets Authority, ESMA, gaf út 5. júlí 2024 og taka gildi 1. janúar 2025 (ESMA, 2024). Ef stjórnendur bregðast ekki við með fullnægjandi hætti ber ársreikningaskrá að beita ákvæði 1. mgr. 121. gr. ársreikningalaga (Halldór I. Pálsson, munnleg heimild, 22. apríl 2024). Í greininni segir m.a. að ársreikningaskrá skuli krefjast skipta á búi félags, ef ársreikningi hefur ekki verið skilað innan sex mánaða frá því frestur til skila er liðinn eða frá því ársreikningaskrá hefur komist að þeirri niðurstöðu að skýringar eða upplýsingar með ársreikningi sem lagður hefur verið fram til opinberrar birtingar, hafi ekki verið fullnægjandi. Endurskoðun sjálfbærniupplýsinga styður enn frekar við það markmið ESB að tryggja áreiðanleika upplýsinganna. Fleiri stjórnir en þær sem eru tengdar almannahagsmunum geta hugað að því að skipa endurskoðunarnefnd sem myndi léttu álagi af stjórnun þegar kemur að því að tryggja heilindi sjálfbærniupplýsinga og hafa eftirlit með vinnuferli við gerð sjálfbærnisráðgjafar. Mikil samlegðaráhrif eru fólgin í því að fela endurskoðunarnefnd slíkt hlutverk enda er sjálfbærnisráðgjafar fyrirtækis hluti af skýrslu stjórnar í ársreikningi fyrirtækis og sætir jafnframt endurskoðun þótt hún sé til að byrja með takmörkuð.

Stjórn og framkvæmdastjórn fyrirtækis bera ábyrgð á að sjálfbærniupplýsingar fyrirtækisins séu réttar og standist skoðun. Þá ábyrgð þarf að taka alvarlega og þurfa aðilar á markaði að fara varlega í fullyrðingum um meinta góða frammistöðu í sjálfbærnimálum og vera vissir um að þær standist skoðun á grundvelli viðurkenndra viðmiða og mælinga (Eva Margrét Áv-arsdóttir, 2022). Verði fyrirtæki staðið að grænþvotti, þ.e. að fegra upplýsingar um starfsemi sína, getur það talist brot gegn lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005. Ásakanir um grænþvott geta haft gríðarlegar afleiðingar og eru þess dæmi hér á landi að fyrirtæki hafi farið í þrot eftir slíkar ásakanir og umfjöllun fjölmiðla. Þekktasta dæmið er mál Brúneggja sem kom upp í lok ársins 2016 (Kolbeinn Tumi Daðason, 2022).

CSR-tilskipunin inniheldur ekki bein fyrirmæli um sérstakt hlutverk stjórnar, endurskoð-

unarnefndar né ytri endurskoðenda við gerð sjálfbærnisráskýrslna. Hins vegar skilgreinir hún almennar skyldur sem geta haft áhrif á starf þessara aðila. Stjórn ber endanlega ábyrgð á undirbúningi, skilum og birtingu ársreikninga, þar á meðal sjálfbærniupplýsinga, sem eru hluti af skýrslu stjórnar. Þessi ábyrgð felur í sér að móta stefnumörkun varðandi sjálfbærni, tryggja að hún sé samþætt við viðskiptamódel fyrirtækis og tryggja samræmi við kröfur tilskipunarinnar. Stjórn þarf einnig að tryggja að til staðar sé skýr stefna í viðeigandi málaflökkum og ferlar sem styðja við útgáfu sjálfbærnisgagna. Að auki ber stjórn að tryggja nægjanlegt innra eftirlit til að stuðla að áreiðanleika og nákvæmni sjálfbærnisráskýrslna.

Endurskoðunarnefnd, sem er undirnefnd stjórnar, gegnir mikilvægu eftirlitshlutverki. Hún ber ábyrgð á að yfirfara sjálfbærnisráskýrslu sem hluta af viðtækara eftirliti með fjármálalegum og ófjármálalegum skýrslum. Þetta felur í sér mat á þeim aðferðum og mælikvörðum sem notaðir eru, tryggingu þess að þær séu í samræmi við stefnu fyrirtækis og CSRD staðla, auk mats á innra eftirliti sem styður við gerð skýrslna. Endurskoðunarnefndin skal tryggja að gögn um sjálfbærni séu nákvæm, heildstæð og í takti við markmið fyrirtækis og kröfur reglugerða. Ytri endurskoðendur bera ábyrgð á að staðfesta sjálfbærniupplýsingarnar sem birtar eru í skýrslu. Hlutverk þeirra er að meta hvort gögn uppfylli staðla um nákvæmni, heildstæði og samræmi við kröfur CSRD tilskipunarinnar og annarra viðeigandi staðla. Ytri endurskoðendur veita staðfestingu á sjálfbærnisráskýrslu sem á að auka traust og trúverðugleika meðal hagsmunaaðila. Sjálfstæði þeirra og sérfræðipækking skal tryggja hlutlaust mat á upplýsingunum og árangri innra eftirlits sem styður við skýrslugerð.

Stjórn ber endanlega ábyrgð á stefnumörkun og gerð sjálfbærnisráskýrslugerðar, endurskoðunarnefnd sinnir mikilvægu eftirlitshlutverki og ytri endurskoðendur veita sjálfstæða staðfestingu á gæðum og áreiðanleika upplýsinganna. Þessi verkaskipting er nauðsynleg til að tryggja áreiðanleika og gagnsæi sjálfbærnisráskýrslugerðar í samræmi við CSRD tilskipunina.

Til þess að svara rannsóknarspurningu þeirri sem lagt var upp með á stuttan og hnitmiðaðan hátt má svara henni á þann veg að CSRD tilskipunin hefur ekki að geyma bein fyrirmæli um störf stjórnar, önnur en þau að stjórn ber ábyrgð á gerð, skilum og birtingu ársreiknings sem hefur að geyma sjálfbærniupplýsingar í skýrslu stjórnar. Í því hlutverki felst einnig að tryggja að endurskoðun sjálfbærniupplýsinga sé í samræmi við fyrirmæli tilskipunarinnar. Óbein áhrif tilskipunarinnar eru hins vegar mikil og nauðsynlegt fyrir stjórnir þeirra fyrirtækja sem falla undir tilskipunina, að taka málefni sjálfbærni föstum tókum í störfum sínum. Ræða þarf framtíðarstefnumótun fyrirtækisins og rýna í viðskiptalíkan þess út frá þeim þáttum sem lagðir eru til í CSRD tilskipuninni og gæta að því að til staðar sé fullnægjandi eftirlit með öllu sjálfbærniferli fyrirtækisins.

5.2 Áhrif CSRD í leiðbeiningum um stjórnarhætti á Norðurlöndum?

Áður var greint frá niðurstöðum greiningar á leiðbeiningum um stjórnarhætti sem í gildi eru í Danmörku, á Finnlandi, á Íslandi, í Noregi og í Svíþjóð. Samkvæmt þeim og af myndrænni framsetningu á niðurstöðunum, má sjá að löndin eru komin mislangt í innleiðingu sjálfbærniáherslna ESB í leiðbeiningar sínar. Ólík staða landanna hvað varðar aðild að ESB og EES-samningnum getur verið hluti skýringarinnar á þeim mun sem sést í innleiðingu sjálfbærniáherslna í stjórnarháttaleiðbeiningar þeirra. Lönd sem eru aðilar að ESB, líkt og Danmörk, Finnland og Svíþjóð, bera beina skyldu til að innleiða tilskipanir ESB í landsrétt innan þeirra tímamarka sem tilskipanirnar sjálfar kveða á um, í samræmi við 288. gr. sáttmála um starfshætti Evrópusambandsins. Aftur á móti lúta Ísland og Noregur, sem EES-ríki, öðrum reglum um innleiðingu ESB löggjafar. Samkvæmt b-lið 7. gr. og 102. gr. EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið, þurfa tilskipanir fyrst að vera teknar upp í EES-samninginn með samþykki sameiginlegu EES-nefndarinnar áður en þær geta verið innleiddar í landsrétt. Hafa stjórnvöld val um form og aðferð við framkvæmd innleiðingarinnar. Þetta viðbótarferli getur valdið seinkun á innleiðingu löggjafar í EES-ríkjum samanborið við ESB-ríki (Stjórnarráð Íslands, e.d.).

Sænsku leiðbeiningarnar sem tóku gildi 1. janúar 2024 bera þess merki að þær tóku gildi eftir gildistöku CSRD tilskipunarinnar innan Evrópusambandsins. Málafni sjálfbærni flæða í gegnum leiðbeiningarnar og í þeim er gengið lengra en í CSRD tilskipuninni hvað varðar störf stjórna. Í leiðbeiningunum er tekið fram að stjórn skuli bera kennsl á það hvernig sjálfbærni hefur áhrif á áhættu og tækifæri fyrir það fyrirtæki sem í hlut á. Dönsku leiðbeiningarnar bera þess merki að við gerð þeirra hafi verið horft til umræðu innan ESB um málafni sjálfbærni, þrátt fyrir að þær hafi tekið gildi 1. janúar 2021, rúmum tveimur árum fyrir gildistöku CSRD tilskipunarinnar. Þær breytingar sem hafa verið gerðar á leiðbeiningum um stjórnarhætti í Svíþjóð og Danmörku benda til þess að áhrif af CSRD á störf stjórna séu talsverð eða jafnvel mjög mikil.

Íslensku leiðbeiningarnar bera á hinn bóginn þess merki að þær hafi fyrst og fremst tekið mið af gildandi löggjöf þess tíma sem þær voru samdar á, enda er umfjöllun um upplýsingagjöf fyrirtækja orðuð nánast á sama hátt og 66. gr. d. í ársreikningalögum. Í finnsku leiðbeiningunum er nánast ekkert vikið að sjálfbærni. Í norsku leiðbeiningunum er gengið lengra í umræðu um sjálfbærni en í þeim finnsku og íslensku en þó ekki jafn langt og gert er í dönsku og sænsku leiðbeiningunum. Samkvæmt norsku leiðbeiningunum skal stjórn taka tillit til fjárhagslegra, félagslegra og umhverfislegra þátta við skilgreiningu sína á markmiðum, stefnu og áhættu í rekstri fyrirtækisins.

Segja má að áhrifa af CSRD tilskipuninni sé farið að gæta í sænsku og dönsku leiðbeiningunum og að hluta til í þeim norsku. Íslensku og finnsku leiðbeiningarnar standa hinum langt að baki þegar kemur að því að veita stjórnnum fyrirtækja leiðbeiningar um hvernig þær eigi að rækja hlutverk sitt í málafnum sjálfbærni. Hafa verður í huga að „fylgið eða skýrið“ reglan er megininntak leiðbeininga allra landanna. Veitir reglan fyrirtækjum svigrúm til að aðlaga leiðbeiningarnar að starfsemi sinni en þau þurfa að greina frá því þegar þau víkja frá þeim til-mælum sem fram koma í leiðbeiningunum.

Heimildir

- Ambec, S., og Lanoie, P. (2008). Does It Pay to Be Green? A Systematic Overview. *Academy of Management Perspectives*, 22(4), 45–62. <http://www.jstor.org/stable/27747478>
- Cadbury, A. (1992). *Report of the Committee on the Financial Aspects of Corporate Governance* (útg. 1). Gee & Co.
- Council of the EU. (2021, 28. nóvember). *Council gives final green light to corporate sustainability reporting directive*. <https://www.consilium.europa.eu/en/press/pressreleases/2022/11/28/council-gives-final-green-light-to-corporate-sustainability-reporting-directive/>
- Dangelico, R.M. og Vocalelli, D. (2017). „Green Marketing“: An Analysis of definitions, strategy steps, and tools through a systemic review of literature. *Journal of Cleaner Production*, 165, 1263-1279. <https://doi.org/10.1016/j.jclepro.2017.07.184>
- Danish Committee on Corporate Governance. (2020). *Danish Recommendations on Corporate Governance*. <https://corporategovernance.dk/sites/default/files/2023-08/Danish-recommendations-corporate-governance-02122020.pdf>
- Directive 2006/43. Directive 2006/43/EC of the European Parliament and of the Council of 17 May 2006 on statutory audits of annual accounts and consolidated accounts, amending Council Directives 78/660/EEC and 83/349/EEC and repealing Council Directive 84/253/EEC. <https://eur-lex.europa.eu/eli/dir/2006/43/oj>
- Directive 2013/34. Directive 2013/34/EU of the European Parliament and of the Council of 26 June 2013 on the annual financial statements, consolidated financial statements and related reports of certain types of undertakings, amending Directive 2006/43/EC of the European Parliament and of the Council and repealing Council Directives 78/660/EEC and 83/349/EEC. <https://eur-lex.europa.eu/eli/dir/2013/34/oj>
- Directive 2014/95. Directive 2014/95/EU of the European Parliament and of the Council of 22 October 2014 amend Directive 2013/34/EU as regards disclosure of non-financial and diversity information by certain large undertakings and groups. <https://eurlex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX%3A32014L0095>
- Directive 2022/2464. Directive 2022/2464/EU of the European Parliament and of the Council of 14 December 2022 amending Regulation (EU) No 537/2014, Directive 2004/109/EC, Directive 2006/43/EC and Directive 2013/34/EU, as regards corporate sustainability reporting. <https://eur-lex.europa.eu/legalcontent/EN/TXT/?uri=CELEX:32022L2464>

- Donaldson, T. og Preston, L. E. (1995). The Stakeholder Theory of The Corporation: Concepts, Evidence, and Implications. *The Academy of Management Review*, 20(1), 65-91.
- EFRAG. (e.d.a). Sector-specific ESRS. <https://www.efrag.org/en/sustainability-reporting/esrs-workstreams/sectorspecific-esrs>
- EFRAG. (e.d.b). Small, medium enterprises (SMEs). <https://www.efrag.org/en/sustainability-reporting/esrs-workstreams/smes>
- EFRAG. (e.d.c). Exposure draft. ESRS for listed small- and medium-sized enterprises. <https://www.efrag.org/sites/default/files/sites/webpublishing/SiteAssets/ESRS%20LSME%20ED.pdf>
- EFRAG. (e.d.d). Exposure draft. Voluntary ESRS for non-listed small- and medium-sized enterprises. <https://www.efrag.org/sites/default/files/sites/webpublishing/SiteAssets/VSME%20ED%20January%202024.pdf>
- European Securities and Markets Authority. 2024. *Final report on guidelines on enforcement of sustainability information (GLES)*. https://www.esma.europa.eu/sites/default/files/2024-07/ESMA32-992851010-1600_Final_Report_on_Guidelines_on_Enforcement_of_Sustainability_Information_GLES.pdf
- European Commission. (2018, 8. mars). Communication from the Commission: Action Plan: Financing Sustainable Growth (COM/2018/97). <https://eurlex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX%3A52018DC0097>
- European Commission. (2019, 11. desember). Communication from the Commission to the European parliament, the European council, the Council, the European economic and social committee and the Committee of the regions: The European Green Deal. (skýrsla COM/2019/640). <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=COM:2019:640:FIN>
- European Commission. (2021a, 28. janúar). Screening of websites for „greenwashing“: half of green claims lack evidence. https://ec.europa.eu/commission/presscorner/detail/en/ip_21_269
- European Commission. (2021b, 6. júlí). Communication from the Commission to the European Parliament, The Council, The European Economic and Social Committee and the Committee of the Regions empty: Strategy for Financing the Transition to a Sustainable Economy (COM/2021/390). <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX:52021DC0390>
- European Commission. (2023a). Corporate Sustainability Reporting Directive (CSRD). <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX%3A32022L2464>
- European Commission. (2023b, 31. júlí). Questions and Answers on the Adoption of European Sustainability Reporting Standards. https://ec.europa.eu/commission/presscorner/detail/en/qanda_23_4043
- European Parliament. (2022, 10. nóvember). Sustainable economy: Parliament adopts New reporting rules for multinationals. <https://www.europarl.europa.eu/news/en/press-room/20221107IPR49611/sustainable-economy-parliament-adopts-new-reporting-rules-for-multinationals>
- European Union. (2019, 16. desember). The European Green Deal: EU's Response to Climate Change. https://www.eeas.europa.eu/eeas/european-green-deal-eusresponse-climate-change_en
- Eva Margrét Ævarsdóttir. (2022, 15. júní). Hætta á grænþvotti víða í fjárfestingarkeðjunni. *Vísir*. <https://www.visir.is/g/20222275802d>
- Festa. (e.d). Leiðarvísir: Hvar er best að byrja. <https://www.sjalbbaer.is/verkefning/leidarvisir#D>
- Fjármálaeftirlitið. (2015, 8. júní). Leiðbeinandi tilmæli nr. 5/2015 um stjórnarhætti váttryggingafélaga (ekki í gildi). https://www.fme.is/media/leidbeinandi_tilmaeli/Leidbeinandi_tilmaeli_2015_5-ekki-i-gildi.pdf
- Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. (e.d.a). The European Green Deal: Striving to be the first climate-neutral continent. https://commission.europa.eu/strategy-and-policy/priorities-2019-2024/european-green-deal_en
- Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. (e.d.b). Why is sustainable finance important? https://finance.ec.europa.eu/sustainable-finance/overview-sustainable-finance_en
- Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. (e.d.c). Corporate sustainability due diligence. Fostering sustainability in corporate governance and management systems. https://commission.europa.eu/business-economy-euro/doing-business-eu/corporate-sustainability-due-diligence_en
- Freeman, R.E. (1984). *Strategic management: A stakeholder approach*. Boston: Pitman.
- Friedman, M. (1970). The Social Responsibility of Business is to Increase its Profits. *The New York Times Magazine*. https://doi.org/10.1007/978-3-540-70818-6_14
- Kolbeinn Tumi Daðason. (2022, 22. desember). *Brúneggjabræður biðu lægri hlut gegn MAST og RÚV*. *Vísir*. <https://www.visir.is/g/20222356167d/bruneggjabraedur-bidu-laegri-hlut-gegn-mast-og-ruv>
- KPMG International. (2008). *KPMG International Survey of Corporate Responsibility Reporting 2008*, KPMG International, Amsterdam. <https://www.in.kpmg.com/securedata/aci/files/sustcorporateresponsibilityreportingsurvey2008.pdf>
- KPMG International. (2020). *The time has come. The KPMG Survey of Sustainability Reporting 2020*. KPMG International. <https://assets.kpmg/content/dam/kpmg/xx/pdf/2020/11/the-time-has-come.pdf>
- Lára Jóhannsdóttir. (2013, 31. maí). Samfélagslegt rekstrarleyfi. *Viðskiptablað Morgunblaðsins*, bls. 8.
- Lára Jóhannsdóttir og Celine McInerney. (2018). Developing and using a Five C framework for implementing environmental sustainability strategies: A case study of Nordic. *Journal of Cleaner Production*. <https://doi.org/10.1016/j.jclepro.2018.02.007>

- Lekvall, P. (2017). The Nordic way of corporate governance. *The jubilee conference on the occasion of the 100th anniversary of the Danish Companies Act (164-182)*. http://njb.fi/wp-content/uploads/2019/02/NJB_2019_3-4.pdf#page=4
- Menningar- og viðskiptaráðuneytið. (2024, 3. júní). Áform um lagasetningu. *Innleiðing á sjálfbærni reikningsskilatilskipun ESB (CSRD)*. <https://samradapi.island.is/api/Documents/fce9874c-365e-ef11-9bc5-005056bcce7e>
- Naciti, V., Cesaroni, F., og Pulejo, L. (2022). Corporate governance and sustainability: a review of the existing literature. *Journal of Management and Governance*, 26:55-74. <https://doi.org/10.1007/s10997-020-09554-6>
- Nasdaq. (2020). *UFS leiðbeiningar. ESG Reporting Guide 2.0*. https://vidskiptarad.cdn.prismic.io/vidskiptarad/964ee324-5839-421d-9e6b-a85d871f67b0_2021_02_18-UFS-leidbeiningar.pdf
- Nemes, N., Scanlan, S.J., Smith, P., Smith, T., Aronczyk, M., Hill, S., Lewis, S.L., Montgomery, A.W., Tubiello, F.N., og Stabinsky, D. (2022). An Integrated Framework to Assess Greenwashing. *Sustainability*, 14, 4431. <https://doi.org/10.3390/su14084431>
- Norwegian Corporate Governance Board. (2021). *Corporate Governance*. <https://nues.no/wp-content/uploads/2021/10/2021-10-14-The-Norwegian-Codeof-Practice-for-Corporate-Governance.pdf>
- PWC. (2023, 7. nóvember). *The European Sustainability Reporting Standards are finalised*. https://viewpoint.pwc.com/dt/gx/en/pwc/in_briefs/in_briefs_INT/in_briefs_INT/the-european-sustainability-reporting.html#pwc-topic.dita_84398ad1-a63c-4184-9735-2c0f36b636c2
- Regulation 2019/2088/EU. Regulation (EU) 2019/2088 of the European Parliament and of the Council of 27 November 2019 on sustainability-related disclosures in the financial services sector. <https://eur-lex.europa.eu/eli/reg/2019/2088/oj>
- Regulation 2020/852/EU. Regulation (EU) 2020/852 of the European Parliament and of the Council of 18 June 2020 on the establishment of a framework to facilitate sustainable investment, and amending Regulation (EU) 2019/2088. <https://eurlex.europa.eu/eli/reg/2020/852/oj>
- Regulation 2023/2772/EU. Regulation (EU) 2023/2772 of the European Parliament and of the Council of 31 July 2023 supplementing Directive 2013/34/EU regarding sustainability reporting standards. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32023R2772>
- Runólfur Smári Steinþórsson og Pröstur Olaf Sigurjónsson. (2022). Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja í fræðilegu og hagnýtu ljósi: Dæmi frá Íslandi. *Tímarit um viðskipti og efnahagsmál*, 19(1), 95-116. <https://doi.org/10.24122/tve.a.2022.19.1.5>
- Securities Market Association. (2019). *Finnish Corporate Governance Code 2020*. <https://www.cgfinland.fi/wp-content/uploads/2023/05/corporate-governancecode-2020.pdf>
- Skúli Magnússon. (2003). *Hin lagalega aðferð og réttarheimildirnar. Fimm ritgerðir í almenntri lögfræði og réttarheimspeki*. Háskólaútgáfan.
- Solomon, J. (2020). *Corporate Governance and Accountability*, 5. útgáfa. John Wiley & Sons.
- Stjórnarráð Íslands. (e.d.). Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið -almennt. <https://www.stjornarradid.is/verkefni/utanrikismal/evropusamvinna/ees-upplýsingaveitan/almennt-um-ees-samninginn/>
- Swedish Corporate Governance Board. (2024). *The Swedish Corporate Governance Code*. https://bolagsstyrning.se/Userfiles/Koden/Dokument/Eng/SweCorpGovernanceCode_applicable_from_1_January_2024.pdf
- Umhverfisstofnun. (e.d.). *Grænþvottur*. <https://ust.is/hringrasarhagkerfi/graenn-lifstill/vottanir-og-adrar-merkingar/graenthvottur/>
- Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland og Samtök atvinnulífsins. (2021). *Stjórnarhættir fyrirtækja. Leiðbeiningar (6. útg.)*. https://leidbeiningar.is/wp-content/uploads/2021/06/Stjornarhaettir_fyrirtaekja_A5_IS_Vefur.pdf
- Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins. (2009). *Stjórnarhættir fyrirtækja: leiðbeiningar (3. útg.)*. https://www.vi.is/files/cg3lokaweb_886826181.pdf
- Viðskiptaráð. (2023, 2. október). Ákvörðun sem kostað hefur íslenskt atvinnulíf 9.8 milljarða. <https://www.vi.is/skodanir/akvordun-sem-kostad-hefur>
- Wang, Q., Dou, J., og Jia, S. (2016). A Meta-Analytic Review of Corporate Social Responsibility and Corporate Financial Performance: The Moderating Effect of Contextual Factors. *Business & Society*, 55(8), 1083-1121. <https://doi.org/10.1177/0007650315584317>
- Pröstur Olaf Sigurjónsson og J. Bjarni Magnússon. (2019). Samskipti fagfjárfesta við félög sem þeir eru hluthafar í. *Tímarit um viðskipti og efnahagsmál*, 16(2), 105-122. <https://doi.org/10.24122/tve.a.2019.16.2.6>